

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 220/2018

2021/EES/21/13

frá 26. október 2018

um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/840 frá 5. júní 2018 um að koma á vöktunarskrá yfir efni sem á að vakta í öllu Sambandinu með tilliti til stefnu í vatnsmálum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/105/EB og um niðurfellingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2015/495 ⁽¹⁾.
- 2) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/840 fellir úr gildi framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/495 ⁽²⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 3) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 13caf (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/495) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„**32018 D 0840:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/840 frá 5. júní 2018 um að koma á vöktunarskrá yfir efni sem á að vakta í öllu Sambandinu með tilliti til stefnu í vatnsmálum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/105/EB og um niðurfellingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2015/495 (Stjtið. ESB L 141, 7.6.2018, bls. 9).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/840, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 27. október 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. október 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 141, 7.6.2018, bls. 9.⁽²⁾ Stjtið. ESB L 78, 24.3.2015, bls. 40.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.